

1.Svæðisráðstefna „Freyjusvæðis“ 12.nóvember 2011.**Haldin á Engjateig 11**

Svæðisstjóri Snjólfur Fanndal setti fund kl.10:00 og var fundarstjóri.

Mættir voru: 1 frá Básum, 3 frá Elliða, 2 frá Esju, 2 frá Geysi, 3 frá Heklu, 2 frá Höfða, 3 frá Jörfa, 7 frá Kötlu auk Svæðisstjóra og svæðisritara, 2 frá Þyrli, einnig 1 fulltrúi Dyngju væntanlegs kvennaklúbbs og 2

Eldeyjarfélagar þeir Óskar Guðjónsson fráfarandi Umdæmisstjóri og Guðlaugur Kristjánsson. Fundarstjóri bað fundarmenn að kynna sig.

Þá var komið að lestri síðustu fundargerðar en þar sem hvorki fráfarandi ritari né fundargerðabók voru á staðnum féll sá lestur niður.

Var þá komið að skýrslum fyrst Svæðisstjóra og þá forseta klúbbanna.

Í umræðum um skýrslur voru menn sammála um að starf klúbbanna væri gott það sem af er enn stutt er liðið á starfsárið og því ekki kominn fullur skriður á starfið. (Skýrslurnar verða væntanlega aðgengilegar á síðunni innan tíðar).

Gunnlaugur Gunnlaugsson Básum Ísafirði vakti máls á hvort ekki væri þörf að kanna hug manna til stjórnarskipta, með tilliti til svæðisstjóra en hann kæmist ekki til allra klúbba eins og fyrirkomulagið hefur verið þetta væri jú toppurinn í starfi hans.

All nokkrar umræður urðu um þetta mál og sýndist sitt hverjum. Ákveðið var að mál þetta yrði rætt innan klúbbanna og yrði svo tekið fyrir á Svæðisráðstefnu í mars 2012.

Guðlaugur Kristjánsson Eldey kynnti hina „brjálæðislegu“ hugmynd, að Ís-Golfi 2012 þar sem farinn yrði hringferð um landið og safnað áheimum til styrktar m.a. sambýlum í landinu sem eru í mikilli fjárþörf vegna niðurskurðar en reiknað er með að ferðin taki 14 daga. Verður þetta uppátæki kynnt meðal klúbbanna á næstu vikum og verður verkefnið síðan aðgengilegt á netinu.

Matarhlé .

Eftir matarhlé undir liðnum Önnur mál afhenti Óskar Guðjónsson fráfaraði Umdæmisstjóri svæðinu að gjöf fundargerðabók og óskaði því velfarnaðar í starfi á komandi árum gat hann þess að þrjár svæðisráðstefnur væru þennan dag (12.nóv) á sama tíma og gaman hefði verið að geta heimsótt þær allar.

Ingólfur Friðgeirsson Heklu kom með svæðisstjóra- keðju og Þórslíkneski frá Þórssvæði, Básafélagar hafa óskað eftir að fá muni þessa til geymslu og var það ákveðið og verða þeir væntanlega settir upp og hafðir til sýnis í Kiwnishúsinu á Ísafirði í framtíðinni.

Guðrún Jóhannsdóttir verðandi forseti kvennaklúbbsins Dyngju sagði frá undirbúningi að stofnun klúbbsins undir handleiðslu Sólborgar í Hafnarfirði. Fundir eru haldnir tvisvar í mánuði í Elliðahúsinu Grensásvegi, enn væri pláss fyrir fleiri áhugasamar konur .

Sigurður Svavarsson Heklu formaður Útbreiðslu og fjölgunarnefndar Umdæmisins sagði að oft væri spurt, hvað er Kiwanis? En það virðist vera að margir viti ekkert um hvað það er eða fyrir hverju Kiwanis stendur. Er eitthvað að hjá okkur? Hvað getum við gert?

Björn Ágúst Sigurjónsson Elliða formaður Styrktarsjóðs KI sagði að allir klúbbar væru jákvæðir og tækju þátt í MNT verkefninu væri búið að leggja í það um 1miljón ísl.kr. og um 6 milj.á heimsvísu. Óskar fráfaraði Umdæmisstjóri sagði að Hekla yrði 50 ára 2014 og að skrá þyrfti sögu hreyfingarinnar á Íslandi.

Svæðisstjóri ræddi hvort og þá hvernig ný nafnspjöld svæðisins ættu að líta út en nokkrar útgáfur munu vera til meðal klúbbanna en ef af verður mun hver klúbbur bera kostnað af gerð þeirra. Eftir fyrirspurn frá Gísla Skarphéðinssyni Kötlu upplýsti Snjólfur að ekki væri búið að selja Engjateig 11 og værum við því ekki á leiðinni á götuna.

Bjarnar forseti Kötlu þakkaði góðan félagsskap og vináttu í sinn garð það síðan Snjólf Svæðisstjóra að koma til sín og skrýddi hann Hicson orðu í þakklætisskini fyrir greiðvikni við sig.

Að lokum kom svo Snjólfur Svæðisstjóri með hugmynd um hvort klúbbarnir í svæðinu myndu vera tilbúnir í að fara sameiginlega sumarferð, var því vel tekið og ákveðið að leggja hugmyndina fyrir í klúbbunum.

Fundi var síðan slitið kl.13:00

Með fyrivara um samþykki næstu svæðisráðstefnu.

Ólafur S. Sveinsson
Ritari.

Snjólfur Fanndal
Svæðisstjóri